

## Fundargerð

206. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl.**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl., mál nr. 859. Eftirfarandi var bókað:

§Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að heilbrigðisnefndir fái heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir á hliðstæðan hátt og Umhverfisstofnun og fer fram á að frumvarpi verði breytt í þá veru og á þann hátt að Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir verði jafn settar hvað þessar heimildir varðar (19. og 22. gr. frumvarpsins). Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á mikilvægi þess að heilbrigðisnefndir fái fullt og óskorað umboð til að fela framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits eða tilteknum heilbrigðisfulltrúum afgreiðslu einstakra mála, án þess að hveða þurfi sérstaklega á um slíkt framsal í samþykktum allra sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðisnefnda (10. gr. frumvarpsins).ð

3. **Kynning á samningi HNE við Akureyrarbæ um umsjón með hluta af daglegum rekstri, fyrirkomulag vegna lóðahreinsana og átaksverkefna í umhverfismálum og eftirlit sveitarfélaga með hundahaldi**

Alfreð Schiöth framkvæmdstjóri kynnti samning Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra við Akureyrarbæ og endurbætur á verkferlum í tengslum við framkvæmd samningsins. Einnig var rædd um mikilvægi þess að hvert og eitt sveitarfélag leggi heilbrigðisfulltrúa lið þegar kemur að lóðahreinsunum og átaksverkefnum í umhverfismálum, s.s. með því að leggja til verktaka og fullnægandi geymsluúrræði og eftirfylgni vegna innheimtu áfallins kostnaðar vegna aðgerða heilbrigðisfulltrúa. Þá var sömuleiðis rætt um hundasamþykktir sveitarfélaga og mikilvægi þess að hvert og eitt sveitarfélag hafi yfirlit yfir alla hunda og framkvæmd hundahreinsana og ávallt sé til staðar viðbúnaður til að fanga og geyma hættulega hunda í hverju og einu sveitarfélagi.

### Umsagnir:

1. **Langesbyggð, umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn.**
2. **Langesbyggð, umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi kirkjugarðs Þórshafnar.**
3. **Skútustaðahreppur, umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðis í Höfða.**
4. **Skútustaðahreppur, umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi tengivirkis á Hólasandi.**
5. **Skútustaðahreppur, umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi þéttbýlis í Reykjahlíð.**

6. **Skútustaðahreppur, umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi, breyting, fráveita og nýting skólps til uppgræðslu á Hólasandi.**
7. **Skútustaðahreppur, umsögn vegna auglýsingar um breytingu á aðal- og deiliskipulagi; breytt lega Kröflulínu 3 í nánd við Kröflustöð.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 til 7 og skýrði helstu efnisatriði.

#### 8. **Umsögn m.t.t. umhverfismats v/byggingu svínabús á spildu úr landi Torfa í Eyjafjarðarsveit**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti umsögn undir lið 8 og fór yfir helstu efnisatriði. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar þess efnis að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Landsvirkjun kt. 420269-1299, Laxárstöðvar í Aðaldal Þingeyjarsveit. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Spirit North, kt. 050981-5419. Fl. II Gististaður án veitinga og jógasalur Garðarsbraut 28, Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Norðanmatur ehf, kt. 540219-1410, Helluhrauni 17 Mývatnssveit, Fl III umfangsmiklar áfengisveitingar, Gamli Baukur, Hafnarstétt 9 Húsavík. Endurnýjun og nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Veganesti Hörgárbraut 603 Akureyri, kt. 530199-2319, söluturn og skyndibitastaður, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Verkmenntaskólinn á Akureyri, framhaldsskóli, kt. 531083-0759, Hringteig 2, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Matur og Mörk kt. 640289-7679, Frostagötu 3c, 603 Akureyri, alhliða matvælaframleiðsla, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Búsetusvið Akureyrarbæjar, kt. 410169-6229, Sporatún 43, 600 Akureyri, heimili fyrir fötluð börn með sólarhringsþjónustu, umsókn um starfsleyfi (breyting á húsnæði). **Samþykkt til 12 ára (sambýli).**
8. Hildur Rún Ríkarðsdóttir/fótaaðgerðarstofa Akureyrar kt. 141092-2789, Tryggvabraut 22, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Básavík ehf/Gistiheimilið Básar kt. 631007-0580, Básun, 611 Grímsey, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistingu og morgunverð. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Slippurinn Akureyri ehf kt. 511005-0940, Naustatangi 2, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur mötuneytis og sölu veitinga (áður Matsmiðjan). **Samþykkt til 12 ára.**
11. Sporhestar ehf kt. 540607-1330 Garðshorni Þelamörk, umsókn um starfsleyfi fyrir reiðskóla, reiðtúra og ferðir. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Hótel North kt. 680918-1040, Leifsstöðum 2, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir gistingu ásamt morgunmat og vínveitingum. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Myrru bakarí kt. 290886-2289, Fjölnisgata 6a bil 103, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir framleiðslu á gæludýrafóðri. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Hildur Friðriksdóttir kt. 050484-3009, Ráðhúsi Dalvíkur, 620 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

**Önnur mál:**

**Meðhöndlun á svartvatni (seyru):** Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi skýrði frá lærdómsríkri kynningarferð til Svíþjóðar þar sem skoðuð var meðferð og nýting á svartvatni og hvernig sú tækni geti nýst við aðstæður hér á landi. Aðferðin gengur út á að sótthreinsa svartvatn (seyru) með þvagefni og nota sem áburð til uppgræðslu og jarðvegsbóta. Þessi þekking kemur til með að nýtast við uppgræðslu á Hólasandi á vegum Landgræðslu ríkisins og í samstarfi við Skútustaðahrepp.

**Svifryksvandi í Akureyrarbæ:** Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá sameiginlegri vinnu Akureyrarbæjar, Vegagerðar ríkisins og heilbrigðiseftirlits varðandi gerð aðgerðaráætlunar um viðbrögð við svifryki og ráð til að fyrirbyggja og lagmarka svifryk í Akureyrarbæ. Góð reynsla er af því að bleyta í götum með sjó til að slá niður ryk á þurrum dögum og einnig eru til skoðunar möguleikar á endurbótum í hálkuvörnum (salt og saltpækill í stað jarðefna) og notkun á rykbindiefnum (magnesiumklóríð). Aðgerðaráætlunin verður kynnt og afgreidd í heilbrigðisnefnd þegar hún verður tilbúin.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.43

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Fjóla Stefánsdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

Steinn Oddgeir Sigurjónsson